**Nd.** **574. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild til að veita einkarjett til að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

Frá nefndinni.

Við 1. gr.

Fyrir »Alþingi« i síðari málsgrein, komi:

löggjafarvaldinu.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnsandi, en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járni (í stöngum, bútum, þynnum eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.